



SÓKNARÁÆTLUN VESTFJARÐA

Uppbyggingarsjóður Vestfjarða Styrkir 2024

Yfirlit yfir styrkveitingar úr Uppbyggingarsjóði Vestfjarða vegna ársins 2024. Alls bárust 78 umsóknir. Af þeim hlutu 57 umsóknir styrkvilyrði, alls að upphæð 44.850.000 kr. Auk þess eru 6 verkefni sem þegar hafa hlotið styrkvilyrði að upphæð 11.850.000 kr. svo heildarstyrkveitingar ársins 2024 verða 63 talsins og heildarupphæðin 56.700.000 kr.

Stofn- og rekstrarstyrkir



Skrímslasetrið

Bíldudal

2.750.000 kr.

Skrímslasetrið á Bíldudal hefur verið rekið allt frá árinu 2009. Aðstandendur að setrinu er hópur sjálfboðaliða sem hefur komið að verkefninu frá byrjun. Uppbygging setursins er ekki lokið hvorki á sýningu né húsnæði. Félagið hefur sett sér það markmið að bæta við sýninguna á hverju ári. Þróun sýningarinnar og uppbygging húsnæðisins um leið hefur verið erfið en viðhald á svona gömlu húsnæði (1938) tekur í. Verkefni næstu ára er að ná að ljúka uppbyggingu bæði á húsnæði og sýningu.


Edinborgarhúsið

Ísafirði

2.500.000 kr.

Edinborgarhúsið er stærsta menningarhús Vestfjarða. Það er vettvangur fyrir fjölbreytta menningarstarfsemi á Ísafirði en þjónar jafnframt norðanverðum Vestfjörðum og fjórðungnum öllum eftir því sem samgöngur leyfa. Menningarmiðstöðin stendur fyrir fjölbreyttum viðburðum allt ár um kring. Í húsinu er Listaskóli Rögnvaldar Ólafssonar með fast aðsetur og stendur fyrir fjölmörgum listviðburðum á ári hverju.

Auk þess eru haldnir fjölbreyttir menningarviðburðir í húsinu að frumkvæði utanaðkomandi aðila.



Strandagaldur

Hólmavík

2.000.000 kr.

Strandagaldur hefur rekið Galdrasýningu á Ströndum frá árinu 2000 með góðum árangri. Um er að ræða verkefni sem hefur margvísleg hlutverk sem eru að vera menningarstofnun, leiðandi ferðapjónustuaðili, veitingastaður og stofnun sem vinnur að því að efla samfélagið á Ströndum. Galdrasýningin hefur þá sérstöðu að vera eina safnið á Vestfjörðum sem er opið á ársgrundvelli og ætlum við að halda þeirri stöðu, því við teljum það

mikilvægt fyrir svæðið og ferðapjónustuna í heild á Vestfjörðum.

Sauðfjársetur á Ströndum
Steingrímsfirði
1.500.000 kr.

Sauðfjársetur á Ströndum er safn og menningarmiðstöð sem er til heimilis í félagsheimilinu Sævangi, um það bil 12 kílómetrum sunnan við Hólmavík. Húsið var byggt árið 1957, en Sauðfjársetrið hóf starfsemi í Sævangi árið 2002. Í Sævangi fer öll starfsemi Sauðfjársetursins fram og er viðburðadagskráin heldur betur líflæg og viðamikil. Þar er einnig uppi fastasýning um sauðkindur og sveitafólk á Ströndum og tímabundnar sérsýningar um margvísleg efni, minjagripabúð og kaffihús.



Kómedíuleikhúsið, atvinnuleikhús Vestfjarða
Dýrafirði
1.800.000 kr.

Kómedíuleikhúsið er fyrsta og eina atvinnuleikhús Vestfjarða og hefur verið í fararbroddi atvinnuleiklistar á landsbyggð frá stofnun. Atvinnuleikhús Vestfjarða vinnur með eigin sögu og hefur frumflutt yfir 50 leikverk lang flest eru byggð á vestfirskum sagnarfi. Kómedíuleikhúsið stendur fyrir sumarleikhúsi í Haukadal og ferðast einnig árið um kring með verk sín.

Báta- og hlunnindasýningin
Reykhólum
1.500.000 kr.

Sýningin er helguð bátum og hlunnindum, þar gefst öllum aldurshópum færi á að kynnst æðarfugli, súðbyrðingnum og búskaparháttum við Breiðafjörð. Á neðri hæð sýningarinnar er bátavélasýning. Sýningin leggur einnig áherslu á að vera með uppákomur eins og skemmtikvöld, fræðslufundi og býður nemendum í heimsókn. Sýningin rekur einnig upplýsingamiðstöð fyrir Reykhólahrepp, minjagripaverslun og Bátakaffi.





Hversdagssafn // Hvers museum

Ísafirði

1.200.000 kr.

Hversdagssafnið er safn í almannarými sem safnar og miðlað menningu hins daglega lífs í gegnum frásagnalist, sjón- og hljóðræna miðla. Aðstandendur safnsins búa til sýningar og verkefni sem eru byggðar á djúpvíðtölum og miðla með listrænni nálgun.

ArtsIceland og Úthverfa

Ísafirði

1.000.000 kr.

Starfseminni er ætlað að vera viðbót við það sem fyrir er og stuðla að því að koma Vestfjörðum á kortið sem lifandi vettvangi listsköpunar og miðlunar á listasviðinu með listafólki í háum gæðaflokki. Gestavinnustofur ArtsIceland og Gallerí Úthverfa eru í rekstri alla mánuði ársins og á fimmta tug listamanna dvelur í gestavinnustofunum á ári hverju. Allir viðburðir eru opnir almenningi og leitast er við að hvetja til samskipta heimamanna og gestanna sem koma alls staðar að úr heiminum.



Atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkir



Náttúrubarnaskóli og náttúrubarnahátíð

Sauðfjársetur á Ströndum

1.800.000 kr.

Náttúrubarnaskólinn er viðamikil nýsköpunarverkefni sem Sauðfjársetur á Ströndum stendur fyrir, en skólinn hefur staðið fyrir skemmtilegum námskeiðum og viðburðum á Sauðfjársetrinu. Verkefnið snýst um uppbyggingu menntatengdrar ferðapjónustu sem byggir á náttúrutúlkun og þjóðfræði. Á árinu 2022 verður áhersla lögð á viðamikla og vandaða Náttúrubarnahátíð, einnig að færa verkefnið í átt til sjálfbærni með markaðssetningu fyrir ólíka hópa, ferðafólk og heimamenn.


Góða Ferð: Ridesharing App

Leiry Seron

Ísafirði

500.000 kr.

Góða Ferð is a ridesharing web app that enables people, locals and tourists alike, to travel to and from the Westfjords in a safe, smart, and convenient way. By matching people who need a ride with those who travel to and from the Westfjords, Góða Ferð makes car rides more sustainable, both environmentally and economically, and helps connect people and potentially make new friends.



Ræktun burnirótar

Hjartarót ehf


Ísafirði

500.000 kr.

Verkefnið felst í að skoða fýsileika þess að rækta lífræna hágæða burnirót með sjálfbærum hætti á norðanverðum Vestfjörðum og gera viðskiptaáætlun fyrir verkefnið. Aflað verður upplýsinga og þekkingar um alla þætti er varða ræktunarferlið, vinnslu rótarinnar, kostnað og mögulegar tekjur af sölu afurðanna auk þess sem skoðaðir verða mögulegir staðir fyrir ræktunina á norðanverðum Vestfjörðum.

Kláfur
Eyrarkláfur ehf
Ísafirði
2.000.000 kr.

Verkefnið snýst um umhverfismat vegna uppsetningar á kláfi upp á Eyrarfjall. Fyrirhugað er að setja upp kláf upp á Eyrarfjall ásamt þjónustumiðstöð upp á fjallinu. Þar sem um stóra og mikla framkvæmd er að ræða þarf að meta áhrif slíkrar framkvæmdar á ásýnd, umhverfið og samfélagið.




Vestfjarðabók
Fjólubláa húfan ehf
Ísafirði
500.000 kr.

Gefin verður út glæsileg sófaborðsbók á ensku þar sem sérkenni Vestfjarða verða dregin fram. Stórar myndir og stuttir textar verða notaðir til að segja frá atvinnulífi, menningu og náttúru í gegnum fólkið sem hér býr í nútíð og fortíð. Öll svæði fjórðungsins fá sitt pláss svo bókin geti með réttu kallast Vestfjarðabók. Ætla má að afurðin verði eftirsóttur minjagripur erlendra ferðamanna hér á svæðinu og verði þannig bæði gjaldeyrisskapandi og beri hróður svæðisins víða um lönd.

Villt að vestan, vestfirskar villisveppasósur
425 ehf
Flateyri
2.000.000 kr.

Vörumerkið Villt að vestan ætlar að þróa sósublöndur með vestfirskum skógarsveppum fyrir verslanir Haga. Villt að vestan ætla einnig að breyta iðnaðarhúsnæði sínu á Flateyri í matvælavinnslu og hefja þar rekstur, framleiðslu og sölu á hinum ýmsu sveppaafurðum.





Færum sauðfjarrækt til framtíðar
Guðfinna Lára Hávarðardóttir
Kollafirði

500.000 kr.

Á Íslandi hefur lítil framþróun verið í bótækni sauðfjarræktar síðustu áratuginna og hönnun fjárhúsa ekki breyst svo heitið geti. Erlendis hefur verið þróun í á tæknilausnum í sauðfjarrækt og má finna fjölmargar lausnir sem má innleiða beint á Íslandi eða þróa að íslenskum aðstæðum og framleiðslukerfum. Með þessu verkefni er ætlunin að stíga stór framfararskref við hönnun fjárhúss sem hentar fyrir fjölbreytt framleiðslukerfi og innleiðir tæknilausnir eftir fremsta megni.

Strandfóður
Úr sveitinni ehf
Kollafirði
1.800.000 kr.

Með þessu verkefni er ætlunin að upphefja hlunnindi sjávarjarða á nýjan leik með nýrri hugsun og aðferðafræði hringrásarhagkerfsins. Með því að samtengja landbúnaðarframleiðslu þannig að hringrás næringarferla frá landi til sjávar verði opnuð, eru tækifæri til aukinnar sjálfbærni og rekstrarhagkvæmni með minnkun notkunar á aðkeyptum aðföngum til landbúnaðar.




Ísafjarðardjúp í nútíð og þátíð
Skútusiglingar ehf
Ísafirði

1.200.000 kr.

Ísafjarðardjúp í nútíð og þátíð byggir á gamalli hefð ferjusiglinga í Ísafjarðardjúpi. Samstarf Borea Adventures og Ögurtravel tryggir að ferðamaðurinn fræðist um allsnægtir Ísafjarðardjúps, bæði á landi og sjó. Sérstaða Vestfjarða með sína djúpu firði, vogskornu strendur og víkur verður dregin fram í siglingu um Djúp. Með viðkomu í Ögri gefst gestum kostur á að næra sig og fræða bæði um menningu og lifnaðarhætti sem eru ört hverfandi.

Rafmagnshjólaferðir um Vestfirði
Travel West ehf
Patreksfirði
700.000 kr.

Verkefnið felst í því að setja á laggirnar 5 rafmagnshjólaferðir um Vestfirði sem boðið verður upp á frá miðjum apríl til miðjan október. Upplifunin af náttúrunni í hjólaferðum er gjörólík því sem fólk upplifir þegar ferðast er um á bílum og þar að auki er þetta mun umhverfisvænni kostur. Slíkar ferðir hafa ekki áður verið í boði á suðursvæði Vestfjarða. Með aukinni afþreyingu er einnig hægt að lengja ferðamannatímabilið og fá fólk til að stoppa lengur á svæðinu.



Markaðssókn Galdur Brugghús
Galdur Brugghús ehf
Hólmavík
700.000 kr.

Framleiðsla á markvissu markaðs- og leiknu kynningarefni sem byggir á sérkennum og dulúð Vestfjarða til stuðla af fjölgun ferðamanna og lengingu ferðamannatímabilsins.

Vetrarviðburðaparadís á Ströndum
Skíðafélag Strandamanna
Hólmavík
900.000 kr.

Verkefni SFS er að efla viðburðahald og afþreyingu á sviði vetrartómstunda og svara aukinni eftirspurn eftir vetrarferðum í tengslum við útivist og heilsuefningu. Vetrartómstundir eru ört vaxandi afþreying, en vinsældir viðburða- og námskeiðahalds SFS eru sívaxandi. Næstu skref er alþjóðlegt úttektarferli til að gera Selárdal samkeppnishæfan á alþjóðlega vísu, fjölga gestakomum sem dvelja lengur og auka þannig tekjuöflun þjónustuaðila svæðisins á tímabilinu desember til apríl mánaðar ár hvert.





Upplifunarsýning á Ísafirði

Gylfi Ólafsson

Ísafirði

1.100.000 kr.

Á upplifunarsýningunni geta ferðamenn fræðst á skemmtilegan hátt um Vestfirði og Ísland, náttúruferðir, sögu og sérkenni. Aðalmarkhópurinn er skemmtiskipafarþegar og á sýningin að geta tekið stóra hópa farþega. Sótt er um styrk til að þróa viðskiptahugmyndina áfram og meta kostnað.


Incubation and fruiting room for mushrooms and research

Cristina Isabelle Cotofana

Hólmavík

1.000.000 kr.

In a circular economy we strive to use local resources and waste streams, giving back sought after and useful commodities as well as a waste stream which can in turn be utilized by others. We also want to contribute by utilizing underused equipment belonging to other companies. With the new fruiting room Sveppasmiðja aims at providing mushrooms, value added products and prime compost made using our spent production blocks.



Startup Westfjords 24

Samfélagsmiðstöðin á Þingeyri ses.


Þingeyri

800.000 kr.

Startup westfjords hefur síðan 2018 verið einn af höfuðviðburðum í Vestfirsku nýsköpunarumhverfi. Næstu skref munu leiða okkur að meiri þjónustu viðburðarins/vinnustofunnar að nýtingu fyrir fyrir svæðið. Startup westfjords 24 (SW24) mun byggja á fyrri reynslu en virkja á nýjan hátt.

Nordic Nomad Souvenirs
Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir
Ísafirði
500.000 kr.

Sköpun, hönnun og smíð á frumgerðum af minjagripum sem hægt er að stinga í vasann. Minning af hinum öfluga Dynjanda, rjúkandi kaffi, kleinum og hveitikökum, fjólubláum lúpínubreiðum, krúttlegu rebbum og fólkinu er eitthvað sem er gaman að stinga í vasann og taka með sér heim til að segja frá ferðalaginu á Vestfjörðum. Minningar eru mikilvægur hluti af lífi okkar og gott að eiga skritin skemmtilegan hlut til að miðla minningunum.



Vörumessa MÍ
Menntaskólinn á Ísafirði
Ísafirði

200.000 kr. til kynningar og viðburðahalds.

Vörumessa MÍ er kynning á verkefnum nemenda sem þau vinna í áfanganum Hugmyndir og nýsköpun og er vettvangur fyrir unga frumkvöðla, fyrirtæki og samfélagið að þróa nýjar hugmyndir og lausnir á Vestfjörðum. Áhersla er lögð á samstarf við fyrirtæki/ráðgjafa á svæðinu og sjálfstæða vinnu nemenda að nýsköpunarlausn. Verkefnið undirbýr nemendur fyrir framtíðina og eykur færni þeirra til nýsköpunar, atvinnuþátttöku og atvinnusköpunar.

Menningarverkefni

Menningarviðburðir í Edinborgarhúsinu
Edinborgarhúsið ehf
Ísafirði
1.800.000 kr.

Edinborgarhúsið mun standa fyrir vönduðum menningarviðburðum á árinu 2024. Boðið verður upp á tónleika, leiksýningar, myndlistasýningar, danssýningar, bókmenntavökur og aðra menningarviðburði. Á dagskránni verður blanda rótgróinna viðburða og nýrra og framsækinna viðburða, ýmist á vegum ME eða í samstarfi við aðila innan svæðis og utan.




Skjaldborg- hátíð íslenskra heimildamynda
Skjaldborg, félagasamtök
Patreksfirði
1.600.000 kr.

Skjaldborg – hátíð íslenskra heimildamynda, verður haldin á Patreksfirði í sautjándan sinn 17.- 20.maí 2024. Skjaldborg frumsýnir íslenskar heimildamyndir, skoðar heimildamyndagerð á heimsvísu og skapar umræðu- og þróunarvettvang fyrir verkefni, leikstjóra og áhugafólk á Íslandi. Af dagskrárliðum má nefna heiðursgestaspjall með heiðursgesti, kynningu á verkum í vinnslu, matarveislur, böll og fleira skemmtanahald.

Act alone 20 ára afmælishátíð
Act alone, félagasamtök
Suðureyri
1.500.000 kr.

20 árið í röð höldum við Act alone í hinu einstaka þorpi Suðureyri dagana 8.- 10. ágúst. Boðið verður uppá einstaka listaveislu þar sem eins fólks listin verður í aðalhlutverki. Jafn margir viðburðir og ár hátíðarinnar eru verða í boði bæði innlendir og erlendir, leiksýningar, tónleikar sem námskeið. Það verður ekki bara frítt á hátíðina heldur verður einnig hægt að fara ókeypis á Actið með langferðabifreið Act alone.





Tungumálatöfrar

Tungumálatöfrar, félagasamtök

Ísafirði

1.300.000 kr.

Tungumálatöfrar er áhugafélag um fjölyngi og fjölmenningu með það að markmiði að bjóða upp á íslenskunámskeið með listsköpun og leik fyrir börn og unglina. Félagið vinnur að því að þróa sumarbúðir fyrir unglingsstigið í samstarfi við Lýðskólann á Flateyri. Þá stendur félagið fyrir árlegu málþingi og rannsóknarsamstarfi við prófessorembættið á Hrafnseyri og Árnastofnun. Töfragangan er bæjarhátíð þar sem fagnað er saman í lok námskeiðsins og er hátíðin opin öllum.

Tónlistarhátíðin Við Djúpið

Við Djúpið, félagasamtök

Ísafirði

1.200.000 kr.

Tónlistarhátíðin Við Djúpið byggir á traustum grunni en leitast í sífellu við að skapa eftirsóknaverða dagskrá ár hvert sem vekur athygli sem víðast. Hátíðina sækja lengra komnir tónlistarnemendur sem vilja víkka sjóndeildarhringinn, íslenskir tónlistarferðamenn sem og erlendir auk heimamanna. Úr verður spennandi suðupottur þar sem tónlistarbærinn Ísafjörður og sú umfaðmandi aðstaða sem hann býður upp á leikur lykilhlutverk.



Fjarréttir fyrr og nú: Sýning og miðlun

Sauðfjársetur á Ströndum ses

Steingrímsfirði

1.100.000 kr.

Verkefnið Fjarréttir fyrr og nú er viðamikil samstarfsverkefni sem unnið verður að á árinu 2024. Það snýst um söfnun upplýsinga, mynda og minninga um fjarréttir á Íslandi og miðlun á þeim á sýningu og málþingi, í greinum og á vefkorti. Bæði viðburðurinn sjálfur og réttarbyggingar verða skoðaðar frá ólíkum sjónarhornum, t.d. út frá arkitektúr og byggingarlist, samspili við landslagið og byggingarsögu. Réttarviðburðinn sjálfur er svo auðvitað líka áherslupunktur í

verkefninu.



The Pigeon International Film Festival

The Pigeon International Film Festival, félagasamtök Ísafirði

1.000.000 kr.

The Pigeon International Film Festival er alþjóðleg kvikmyndahátíð sem var fyrst haldin í október 2021 og verður hún haldin í fjórða sinn dagana 10. til 13. október 2024. Að hátíðinni stendur hópur Vestfirðinga sem hafa mikinn áhuga á kvikmyndagerð. Síðast vor sýndar um 50 myndir frá ýmsum löndum. Ætlunin er að gera þetta áfram að árlegum viðburði. Sýnt verður á Ísafirði, í Súðavík og í Haukadal í Dýrafirði


Áttir

Vignir Arnarson

Tálknafirði

1.000.000 kr.

Útilistaverk sem er einskonar áttaviti. Steininn tákna festu okkar við heimabyggðina, örvarnar vísa í áttirnar. Verkið er stórt í sniðum en mikil hugsun er á bak við verkið. Steininn er festur með keðjum sem tákna rætur okkar við heimahagana, en með því að standa hjá verkinu getur þú litið í allar áttir og horft út í heiminn. Verkefnið er samvinnuverkefni margra heimamanna, til að auðga bæinn útilistaverkum



Blús milli fjalls og fjöru

Blús milli fjalls og fjöru, félagasamtök

Patreksfirði

900.000 kr.

Tónlistarhátíð þar sem blúsinn er allsráðandi. Hátíðin verður haldin í þrettánda sinn 2024 og metnaður mikill í að gera enn betur enn áður. Áhersla er lögð á vandaða dagskrá á hóflegu miðaverði. Blús milli fjalls og fjöru er tveggja daga hátíð, með það að markmiði að gæða Vestfirði tónlistarlegri dýpt og nýrri upplifun á tónlist. Margir af þekktustu tónlistarmönnum og hljómsveitum landsins hafa heimsótt hátíðina sem er eftirsótt í tónlistarheiminum.


Skjaldbakan

Skjaldborg, félagasamtök

Patreksfirði

900.000 kr.

Skjaldbakan er heiti heimildamyndavinnusmiðja fyrir unglunga í grunnskólum á Patreksfirði, Seyðisfirði og höfuðborgarsvæðinu. Verkefnið er á vegum Skjaldborgarhátíðar íslenskra heimildamynda. Skjaldbakan skríður um landið og býður upp á námskeið í heimildamyndagerð. Hún býður krökkum að horfa í kring um sig og skoða sitt nærumhverfi og sinn hversdagsleika í gegnum nýja linsu. Skjaldbakan vinnur með börnum á þremur stöðum á landinu og býr þannig til tengingar milli landshluta.



Ariasman

Kómedíuleikhúsið, áhugamannafélag

Þingeyri

850.000 kr.

Ariasman er áhrifa- og áttakamikið leikverk um eitt mesta óhæfuverk Íslandssögunnar, Baskavígin. Haustið 1615 var 31 baskneskur skipbrotsmaður veginn af vestfirskum bændum. Ariasman verður frumsýnt í Baskasetri Íslands í Djúpavík og er sett á senu af Kómedíuleikhúsinu, atvinnuleikhúsi Vestfjarða.

Ráðstefnustaðurinn Strandir
Rannsóknarsetur Háskóla Íslands á Ströndum –
Þjóðfræðistofa
Hólmavík
850.000 kr.

Ætlunin er að vinna að því að efla og styrkja Strandir sem heppilegan stað til að halda margvíslegar smærri ráðstefnur á sviði menningararfs og fræðastarfs. Vinnuhópur viðburðastjóra á Ströndum verður stofnaður og leitað leiða til að gera slíkar heimsóknir sem eftirminnilegastar. Húmorsping og Alþjóðleg ráðstefna um stöðu kvenna í þjóðfræðaefni og á söfnum sem haldnar verða 2024 verða vettvangur tilrauna.





The Factory Art Exhibition

Hótel Djúpavík ehf.

Árneshreppi

850.000 kr.

The Factory is an annual art exhibition in Djúpavík. Each summer, the old fish factory serves as the frame around the exhibition where national and international artists meet on common ground to show a variety of visual arts, sound and installations. All works of art contain the artist's personal impression of Iceland, as well as a direct interaction with the environment. Site-specific installations are in focus as well as textural, colourful and voluminous diversity.

International Westfjords Piano Festival

Andrew J. Yang

Patreksfirði

800.000 kr.

The International Westfjords Piano Festival presents world-class piano recitals in the beautiful Northwest region of Iceland. Each year invited pianists will collaborate to produce exciting programs with a unique artistic vision and give masterclasses/workshops to advanced piano students from the community and abroad. Our third season will feature: Antoinette Perry (USC Thornton School of Music), Audrey Axinn (Juilliard School), M.H. Park (France/South Korea), and Andrew J. Yang (USA/Iceland).





Málþing um Baska og vinnustofa í gerð hljóðfæra úr rusli Baskavinafélagið á Íslandi

Djúpavík

750.000 kr.

Baskavinafélagið er að undirbúa tveggja daga málþing um sögu Baska á Íslandi í Djúpavík í júní 2024 í samhengi við verkefnið um Baskasetur í Djúpavík sem fékk styrk frá Creative Europe og er í gangi með samstarfsaðilum Baskavinafélagsins í Frakklandi og á Spáni. Í áætlun verkefnisins er gert ráð fyrir að málþingið sé í samstarfi við Strandagaldur og Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Ströndum – Þjóðfræðistofu.


Sæskrímslin

Hringleikur – sirkuslistafélag

Ísafirði

750.000 kr.

Sæskrímslin er götuleikhússýning af stærri gerðinni sem frumflutt verður á Listahátíð í Reykjavík 2024 og í framhaldi sýnd um land allt, m.a. á Ísafirði. Sæskrímsli rísa úr sæ og ganga á land í þessari draumkenndu og um leið ágengu sýningu sem höfðar til breiðs áhorfendahóps. Innblástur verksins verður fenginn úr þjóðsagnaarfi Íslendinga. Sýnendur verksins er sirkuslistafólk í samstarfi við börn og ungmenni af svæðinu. Sirkushópurinn Hringleikur og Pilkington Props standa að verkinu.



Cauda og Errata

Halldór Smáráson


Ísafirði

700.000 kr.

Verkefnið er samstarf tónlistarhópanna Errata og Cauda. Þann 21. júní 2024 verða haldnir tónleikar á tónlistarhátíðinni Við Djúpið á Ísafirði þar sem flutt verða ný og nýleg verk eftir meðlimi Errata.

Listahátíð Samúels
Félag um listasafn Samúels
Selárdal
650.000 kr.

Listahátíð Samúels verður haldin helgina 9-11. ágúst 2024. Í tilefni af því að 140 ár verða liðin frá fæðingu Samúels verður fjölbreytt dagskrá í boði, föndur og leikir fyrir börn, leiðsagnir, kvikmyndasýning, tónleikar Skúla mennska í kirkjunni auk margra annarra atriða. Boðið verður upp á ljúffenga rétti úr héraði.



Netagerðin- skapandi vinnustofur
Heiðrún Björk Jóhannsdóttir
Ísafirði

600.000 kr. til gerðar viðskiptaáætlunar

Netagerðin-skapandi vinnustofur býður upp aðstöðu og vinnustofur fyrir sjálfstætt starfandi hönnuði og listafólk í gömlu Netagerðinni á Ísafirði. Nokkrir frumkvöðlar hafa nú þegar hreiðrað um sig og er húsið óðum að fyllast af dugmiklu lista og handverks fólki sem leigir vinnuaðstöðu og nýtir þann kraft sem myndast þegar skapandi fólk hittist og sleppir ímyndunarálinu lausu. Haldin verða fjögur opin hús á árinu með tónlist og listsýningum þar sem Netagerðarfólk getur kynnt sig verk sín.

Leikrit í fullri lengd
Leikfélag Hólmavíkur
Hólmavík
500.000 kr.

Setja á upp leikrit í fullri lengd. Byrjað er að skoða ýmis leikverk þar sem félagar hittast, lesa leikrit og ræða hvað skuli gera. Staðfesting á leikverki og leikstjóra verður fyrir áramótin og stefnt er að því að frumsýna leikritið í febrúar-mars 2024.





Leiklistarnámskeið fyrir börn
Leiklistarhópur Halldóru ehf.
Ísafirði

500.000 kr.

Halda sumarnámskeið fyrir börn til að efla þau félagslega.
Börnin læra sviðsframkomu, dans, söng og leiki og fá tækifæri
til að kynnst nýjum börnum.


List í Alviðru 2024- Litrænar hugdettur

Listakisi, félagasamtök

Dýrafirði

500.000 kr.

Menningarverkefni í listum með áherslu á sköpun
umhverfislistaverka og fjárhúsasýningu í landi Alviðru. Fagfólk
í listgreinum kemur saman og starfar að umhverfislist með
það að markmiði að huga vel að náttúrunni. Sýningar verða
auglýstar og opnar öllum aldurshópum. Fjárhúsasmiðja
verður í boði fyrir börn og aðra sýningargesti auk kynningu á
listamönnum verkefnisins. Umhverfislistasýningu verður
opnuð í lok verkefnisins og fær að standa fram í september



Viðburðir norðan Djúps

Sögumiðlun ehf

Ísafjarðardjúp

500.000 kr.

Nokkrir viðburðir verða norðan Djúps sumarið 2024, m.a.

Snæfjallahátíð í Dalbæ á Snæfjallaströnd um

Jónsmessuhelgina 21-23. júní og ljóðaflutningur og tónleikar

í Steinshúsi við Nauteyri. Eftirtaldir listamenn hafa staðfest

komu sína: Kvæðakórinn, Þórir Hermann, Ólöf Arnalds, Skúli


Sverrisson, Kira Kira, Linus Orri Gunnarsson Cederborg,

Sigurður Orri Kristjánsson, Framfari, Kraftgalli, Dúllurnar,

Adrian og Guffi og Karólína Ólafsdóttir ljóðskáld.

Sjálfbær Hólmavík
Cristina Isabelle Cotofana
Hólmavík
500.000 kr.

Sustainable development in a local context is crucial if communities want to thrive and survive the challenges which coming decades will undoubtedly throw at us. Healthy local food networks are of extreme importance in a time where supply chains might start to unravel and applied mycology could hold some answers to questions like waste treatment and biodegradable building material.



Skapandi skrúfur- Myndlist fyrir börn
Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir
Ísafirði
500.000 kr.

Skapandi og fjölbreytt myndlistarnámskeið fyrir börn 10 ára og eldri með áherslu á gæða kennslu. Myndlistasýning í Kertahúsinu, fjölskyldusmiðja og sýning í Skriðu útgáfu á Patreksfirði. Verkefnið eflir og styrkir ungmenni til að skapa og taka virkan þátt í því skapandi samfélagi sem að er á Ísafirði. Unnið verður með nokkra miðla svo sem bókverk, skúlptúr, tvívítt málverk og teikningar. Kennararnir á námskeiðinu eru menntaðar myndlistakonur sem að hafa mikinn metnað fyrir gæða kennslu í myndlist.

Sögutorg: Minning um Ragnheiði og Benedikt á Kirkjubóli
Sauðfjársetur á Ströndum ses
Steingrímsfirði
450.000 kr.

Ætlunin er að koma upp minningarreit um hjónin Ragnheiði Lýðsdóttur og Benedikt Grímsson á Kirkjubóli sem gáfu landið undir félagsheimilið Sævang (sem nú hýsir Sauðfjársetrið) og íþróttavöll þar hjá, í þágu samfélagsins, menningar og mannlífs í héraðinu. Reiturinn verður við göngustíg og útisögusýningu í

Orrustutanga. Öll hönnun miðast við að vera vistvæn og efnisvalið er í samræmi við staðarvitund Strandamanna, sögu þeirra, menningu og náttúru svæðisins.





4. F. Chopin Tónlistarhátíðin á Ísafirði Fryderic Chopin Tónlistarfélagið á Íslandi Ísafirði

400.000 kr.

F.Chopin tónlistarfélagið á Íslandi ætlar að halda 4. F.Chopin Tónlistarhátíð á Ísafirði en tónleikarnir hafa orðið fastur og mjög vinsæll punktur í menningarífi Vestfjarða. Tónlistarhátíðin mun gefa vestfirskum tónlistarunnendum tækifæri til þess að njóta heimstónlistar í flutningi fremstu tónlistarmanna frá Vestjörðum og gestum þeirra.

Úthverfa sýningar Kol og salt ehf Ísafirði 400000 kr.

Gallerí Úthverfa / Outvert Art Space er lifandi sýningarvettvangur fyrir samtímalist í miðbæ Ísafjarðar. Sýningarýmið hefur verið vettvangur myndlistar síðan 1985 og þar eru að jafnaði 12 sýningar á ári.



Sumarhátíð Lýðskólans á Flateyri Lýðskólinn á Flateyri Flateyri

400.000 kr.

Sumarhátíð Lýðskólans á Flateyri er smiðjuhátíð sem stendur yfir í eina viku, seinni hluta júnímánaðar. Þátttakendur hátíðarinnar skrá sig annað hvort í lista- eða útivistarsmiðjur. Í kjölfar smiðjuvikkunnar efna skipuleggjendur og þátttakendur hátíðarinnar til uppskeruhátíðar.

Skeljalistsýning í Listasafni Samúels
Marsibil G Kristjánsdóttir
Selárdal
350.000 kr.

Listýning þar sem yfirgefnar postulínsdúkkur fá ný klæði úr fjörugulli vestfirskra fjara. Svo úr verða sérstakar skeljaverur sem munu koma sér fyrir á safni Samúels í Selárdal á einstakri sýningu sumarið 2024. Er staðurinn einstaklega heppilegur því Samúel vann einmitt mikið með gull fjörunnar í listaverkum sínum.



Gefum íslensku séns
Ólafur Guðsteinn Kristjánsson
Ísafirði
300.000 kr.

Átakið Gefum íslensku séns- íslenskuvænt samfélag er tilraun framlengingar á kennslustofunni, að færa kennslustofuna í samfélagið þannig að samfélagið verði hluti af máltileikun fólks með íslensku sem annað mál. Átakið vill vara brú á milli menningarheima í fjölmenningsamfélagi með áherslu á tungumálið, Íslands stærsta menningarframlags á heimsvísu.

Artslceland viðburðir
Kol og salt ehf
Ísafirði
250.000 kr.

Með starfseminni viljum við koma Vestfjörðum á kortið sem lifandi vettvangi listsköpunar og miðlunar á listasviðinu í háum gæðaflokki. Gestavinnustofur Artslceland eru í rekstri árum um kring og um 40 listamenn dvelja þar í skemmri eða lengri tíma. Skipulagðir eru viðburðir og uppákomur með þátttöku gestkomandi listafólks og þeirra sem eru búsettir á svæðinu. Allir viðburðirnir eru opnir almenningi.





Leiklist á Ísafirði
Elfar Logi Hannesson
Þingeyri
200000 kr.

Í bókverkinu Leiklist á Ísafirði verður fjallað um leiksöguna ísfirsku allt frá landnámi til samtímans. Bókin verður ríkulega myndskreytt og inniheldur ítarlegan lista yfir leikuppsetningar Ísfirðinga allt frá fyrstu uppfærslu til þeirrar nýjustu. Leiklist á Ísafirði er fjórða bókin í vestfirsku leiksögu ritröðinni.

Arnór heimskautarefur
Jelena Micic
Ísafirði
200.000 kr.

Bókinni er ætlað að dýpka áhuga og þekkingu á dýralífi og náttúru Vestfjarða með innblástur sem byggir á lífinu á Hornströndum. Hugmynd að bók er innblásin af Arnóri Stígssyni heitnum. Æskusögur hans frá Hornströndum lifa vel enn þann dag í dag, því hann sýnir sannan anda seiglu og ævintýra, og hann táknað síðustu kynslóðina sem bjó á þessum æðislega stað.



Útsýnisveggur á Bökkunum
Halla Ólafsdóttir
Ísafirði
200.000 kr.

Útsýnisveggur er vegglistaverk eftir Mathilde Morant unninn í samstarfi við íbúa Messíönuhúss á Ísafirði. Veggurinn stendur við Messíönuhús, eitt elsta hús Ísafjarðar, og inntak verksins er súðbyrðingur sem ekki er ólíklegt að íbúar Messíönuhúss hafi notað á árum áður. Þannig verður útsýnisveggurinn gluggi inn í liðna tíð

Vegglistaverk í miðbæ Ísafjarðar
Andrea Valgerður Jónsdóttir
Bolungarvík
200.000 kr.

Vegglistaverk í hjarta Ísafjarðar sem mun vekja
athygli íbúa, gesta og ferðamanna.



Marketing of the creative writing studio „Write It Out“
Greta Lietuvninkaitė-Suscickė
Ísafirði
150.000 kr.

The marketing strategy development project of the creative writing studio "Write It Out" focuses on two steps:

1. Social media marketing
2. Experiential marketing

Both steps aim to reach the right audience and communicate writing benefits to potential participants from the Westfjords, who are interested in writing, personal growth and promotion of mental health.

Sjávarréttarsmakk á Bryggjuhátíð
Sigurbjörg Halldóra Halldórsdóttir
Drangnesi
150.000 kr.

Eitt helsta einkennismerki Bryggjuhátíðarinnar frá upphafi hefur verið sjávarréttasmakk kvenfélagsins Snótar. Kvenfélagskonur framreiða ótalmarga rétti úr hráefni sem veitt er af útgerðum í Kaldrananeshreppi. Fjölbreytt úrval fisks og sjávarfangs er á boðstólum, þ.á.m. ufsi, keila, siginn fiskur og grásleppa svo að fátt eitt sé nefnt.

